

Landsframleiðslan 2004 – áætlun

Gross Domestic Product 2004 – provisional data

Samantekt Áætlanir Hagstofunnar sýna að landsframleiðslan á árinu 2004 varð 859 milljarðar og óx að raungildi um 5,2% frá fyrra ári. Þessi vöxtur kemur í kjölfar 4,2% vaxtar á árinu 2003. Vegna nokkru lakari viðskiptakjara og aukinna vaxta- og arðgreiðslna til útlanda uxu þjóðartekjur nokkru minna eða um 4,6%.

Vöxtur landsframleiðslunnar einkenndist af miklum vexti einkaneyslu sem óx um 7,5% og fjárfestingar sem óx um 12,8%. Þjóðarútgjöldin uxu því langt umfram landsframleiðsluna eða um 7,7% og leiddi það til verulegs viðskiptahalla sem nam 69,9 milljörðum, þ.e. 8,1% af landsframleiðslu. Þróun helstu hagstærða á árinu 2004 varð því á ýmsan hátt lík því sem hún var árið áður. Einkaneysla óx heldur meira en árið áður en heldur hægði á vexti fjárfestingar. Viðskiptahalli óx.

Hagvöxtur 5,2% á árinu 2004

Hagstofan birtir nú fyrstu tölur sínar um landsframleiðslu fyrir allt árið 2004. Hér er um að ræða áætlun sem verður næst endurskoðuð í september. Samhliða þessum áætlunum hafa tölur nokkurra fyrri ára breyst lítið eitt til frá því síðustu tölur voru birtar í september 2004. Má einkum rekja þær breytingar til þess að fyllri heimildir liggja nú fyrir. Áætlanirnar sýna að landsframleiðslan á liðnu ári varð 859 milljarðar króna en það er 61 milljarði eða 7,7% hærri fjárhæð en árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga óx landsframleiðslan að raungildi um 5,2% en hafði árið áður vaxið um 4,2% eftir 2,1% samdrátt á árinu 2002. Endurskoðaðar tölur fyrri ára sýna nánast sama hagvöxt á árinu 2003 og reiknað var með í september eða 4,2% í stað 4,3%. Aftur á móti er samdrátturinn á árinu 2002 talinn hafa orðið talsvert meiri en áður eða -2,1% nú í stað -0,5% í september. Aukinn samdráttur á árinu 2002 má einkum rekja til meiri samdráttar í fjárfestingu, og að nokkru í einkaneyslu, á því ári en áður var talið.


Minni vöxtur þjóðartekna

Við mat á afkomu þjóðarbúsins eru þjóðartekjur ekki síður áhugaverð stærð en landsframleiðslan þar sem í þeim er tekið tillit til breytinga á viðskiptakjörum þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og til streymis launa- og eignatekna til og frá útlöndum (að stærstum hluta vaxta- og arðgreiðslur). Á árinu 2004 versnuðu viðskiptakjör nokkuð eða sem nam 1,4% af landsframleiðslu fyrra árs. Verð á útfluttum vörum og þjónustu hækkaði um 1,3% í íslenskum krónum og verð á innfluttum vörum og þjónustu hækkaði um 2,6%. Lítil hækun skýrist að hluta af því að verð á erlendum gjaldeyri lækkaði um 2,0% frá fyrra ári, þ.e. krónan styrktist.



Mynd 1. Vöxtur landsframleiðslu

Figure 1. GDP growth rate




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2003 og áætlun fyrir árið 2004. Preliminary data 2003 and estimated data 2004.

Í byrjun mars birti Seðlabankinn endurskoðar tölur um viðskiptajöfnuðinn og náði sú endurskoðun aftur til ársins 2000. Þessar tölur hafa verið teknar inn í útreikninga Hagstofunnar. Breytingarnar ná bæði til þjónustuviðskipta við útlönd, og hafa þar með áhrif á landsframleiðsluna, en að því marki sem launa- og eignatekjur breytast hefur sú breyting áhrif á þjóðartekjur.

Að teknu tilliti til þessara breytinga er niðurstaðan sú að þjóðartekjur á árinu 2004 jukust um 4,6% og má rekja minni breytingu á þjóðartekjum en landsframleiðslu að mestu til aukinna launa- og fjármagnsgjalda til útlanda.

Mynd 2. Magnvísitala landsframleiðslu og þjóðartekna

Figure 2. GDP and GNI, volume indices




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2003 og áætlun fyrir árið 2004. Preliminary data 2003 and estimated data 2004.

Einkaneysla og fjárfesting bera uppi hagvöxtinn

Vöxt landsframleiðslunnar á liðnu ári má, líkt og árið áður, öðru fremur rekja til aukinnar einkaneyslu og fjárfestingar en á móti vegur að nokkru aukinn innflutningur, langt umfram aukinn útflutning. Að þessu leyti svipar þróuninni til áraanna 1998, 1999 og 2003 en á árinu 2001 var hagvöxtur aftur á móti drifinn áfram af miklum vexti útflutnings.

Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 3. Contribution to growth by expenditure items



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2003 og áætlun fyrir árið 2004. Preliminary data 2003 and estimated data 2004.

Á árinu 2004 óx einkaneysla um 7,5% að raungildi og kom sá vöxtur í kjölfar mikils vaxtar árið áður þegar neyslan óx um 6,6%. Aftur á móti hafði neyslan dregist saman næstu tvö ár þar á undan, á árinu 2002 um 1,4% og um 3,5% á árinu 2001.


Undanfarinn hálfan annan áratug hefur vöxtur einkaneyslunnar að mestu haldist í hendur við vöxt landsframleiðslunnar, þó með tveim undantekningum, það er á árunum 1998 og 1999 og síðustu tvö ár. Á árinu 2004 var einkaneyslan 50% meiri en hún var á árinu 1990 en á sama tíma hafði landsframleiðslan vaxið um tæp 44%. Íbúafjöldinn óx á sama tíma um tæp 15%.

Einkaneysla 57,8% af landsframleiðslu

Hlutfall einkaneyslu af landsframleiðslu reyndist vera 57,8% á árinu 2004 og er það hærra hlutfall en verið hefur undanfarin tvö ár. Í sögulegu samhengi lætur nærri að þetta hlutfall sé í meðaltali undanfarinna fimmtán ára og fimm ár af síðustu fimmtán hefur það verið hærra. Í töflu 3 er sýnd samsetning einkaneyslunnar eftir útgjaldaflokkum undanfarin þrjú ár og önnur þrjú ár frá fyrri áratugum til samanburðar. Þar kemur meðal annars fram hve vægi mat- og drykkjarvöru hefur minnkað í útgjöldum heimilanna. Það var 31% á árinu 1970 en er nú komið niður í 19%. Þá hefur vægi fatnaðar helmingast. Á móti kemur að útgöld til tómsundaiðju og skemmtana hafa tvöfaldast í vægi og útgjöld Íslendinga erlendis hafa meir en þrefaldast.

Mynd 4. Magnvísitala einkaneyslu og landsframleiðslu

Figure 4. Private final consumption and GDP, volume indices



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2003 og áætlun fyrir árið 2004. Preliminary data 2003 and estimated data 2004.

Samneysla 26,6% af landsframleiðslu

Samneyslan óx um 3,6% á liðnu ári og er það svipaður vöxtur og á árinu 2003 en næstu tvö ár þar á undan hafði samneyslan vaxið um rétt rúm 3%. Sem hlutfall af landsframleiðslu var samneyslan 26,6%, óbreytt frá árinu áður, og hefur hlutfallið ekki í annan tíma verið hærra. Í töflum 8–10 er sýnt yfirlit yfir tekjur og gjöld hins opinbera í heild 1999–2004 með líkum hætti og áður. Frá og með marstölum 2004 var þó sú breyting gerð að sala hins opinbera á vörum og þjónustu, sem áður var dregin frá gjöldum, er nú færð sem tekjur. Þessi breyting er gerð aftur til ársins 1980. Af því leiðir að umsvif hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu mælast hærri en áður. Þetta er gert til samræmis við þær aðferðir sem OECD og fleiri alþjóðastofnanir hafa tekið upp við framsetningu á hagtölum af þessu tagi og samanburð milli landa.


Kröftugur vöxtur í atvinnuvegafjárfestingu

Frá ári til árs verða iðulega miklar breytingar í fjárfestingu, einkum atvinnuvegafjárfestingu. Á árinu 2003 hafði fjárfestingin í heild aukist verulega, eða um 17% en á árinu 2004 hægði nokkuð á vextinum og er talið að hann hafi orðið 12,8%. Áfram varð mikill vöxtur í atvinnuvegafjárfestingu eða 12,9% sem að stórum hluta má rekja til fjárfestingar í stóriðju- og orkuverum. Mestur vöxtur varð þó í fjárfestingum hins opinbera eða um 27,3% eftir viðlíka samdrátt undanfarin tvö ár.

Verulega hægði á íbúðafjárfestingu eftir mikinn vöxt undanfarin fjögur ár. Enn sem komið er, eru tölur um fjárfestingu atvinnuveganna á árunum 2003 og einkum 2004 að verulegu leyti byggðar á áætlunum. Ástæðan er sú að niðurstöður úr samræmdu skattframtali rekstraráðila vegna ársins 2003 liggja ekki fyrir fyrr en síðar á árinu. Fjárfestingin verður þá endurskoðuð og mun koma inn í þjóðhagsreikninga í septemberútgáfunni 2005 samhliða endurskoðun á tölum fyrri ára.

Mynd 5. Magnvísitala fjármunamyndunar og helstu undirliða

Figure 5. Gross fixed capital formation, volume indices by main components




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2003 og áætlun fyrir árið 2004. Preliminary data 2003 and estimated data 2004.

Þjóðarútgjöld aukast langt umfram landsframleiðslu

Þjóðarútgjöldin, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, jukust um 7,7% að raungildi á liðnu ári. Þetta er svipaður vöxtur og á árinu 2003 og langt umfram vöxt landsframleiðslunnar bæði árin. Þessari miklu aukningu þjóðarútgjalda var að verulegum hluta mætt með mikilli aukningu innflutnings sem óx um 14,3%. Útflutningur óx mun minna eða um 8,3%, og í heild óx landsframleiðslan um 5,2% eins og áður segir.

Mynd 6. Magnbreyting þjóðarútgjalda og landsframleiðslu

Figure 6. GDP and Domestic final expenditure, annual growth rate



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2003 og áætlun fyrir árið 2004. Preliminary data 2003 and estimated data 2004.


Mikilvægi einstakra atvinnugreina

Landsframleiðslan hefur hér verið metin með því að meta útgjöld þjóðarbúsins, þ.e. neyslu og fjárfestingu að teknu tilliti til viðskipta við útlönd. En framleiðsluna er einnig unnt að meta með beinum hætti í einstökum atvinnugreinum. Í töflu 7 eru sýndar niðurstöður slíks mats fyrir tímabilið 1999–2004 en þar kemur fram mikilvægi einstakra atvinnugreina í myndun landsframleiðslunnar. Í töflu 6 eru sýndar

magnvísitölur framleiðslunnar í sömu skiptingu á atvinnugreinar. Þar kemur meðal annars fram að á liðnu ári varð mestur vöxtur í byggingarstarfsemi og verslun og veitingarekstri og má rekja um þriðjung hagvaxtarins til þessara greina. Tölur þessar eru byggðar á framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til ársins 2002 en lauslegum áætlunum fyrir árin 2003 og 2004.

Mynd 7. Hlutfall launa og rekstrarafgangs af landsframleiðslu

Figure 7. The share of labour and capital in GDP



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2002 og áætlun fyrir árið 2003 og 2004. Preliminary data 2002 and estimated data 2003 and 2004.

Hlutur vinnuafis og fjármagns


Framleiðsluna í skilningi þjóðhagsreikninga má líta á sem samtölu þess sem launþegar bera úr bótum annars vegar og fjármagn og einyrkjar hins vegar. Á árinu 2004 er talið að í hlut launþega hafi komið um 68% af því sem til skiptanna var en fjármagnið og einyrkjar hafi borið úr bótum um 32%. Launahlutfallið á árinu 2004 hefur því lækkað nokkuð frá því sem það var á árunum 2002 og 2003 þegar það var 70 til 71% en í sögulegu samhengi er hlutfallið enn hátt.

Hagvöxtur meiri á Íslandi en í OECD ríkjum

Öll árin 1996–2001 var hagvöxtur meiri á Íslandi en í OECD ríkjunum í heild. Samdráttur varð hins vegar hér á landi á árinu 2002 um 2,1% en 1,6% vöxtur hjá OECD ríkjunum í heild. Áætlanir OECD benda til þess að á árinu 2003 hafi orðið 2,2% hagvöxtur í aðildarríkjunum í heild samanborið við 4,2% vöxt á Íslandi og á árinu 2004 reiknar OECD með 3,6% vexti í OECD ríkjunum, samanborið við 5,2% vöxt hérlendis eins og Hagstofan áætlar hann nú. Miklar sveiflur hafa einkennt hagþróunina á Íslandi og framan af tíunda áratugnum var vöxturinn hér á landi til muna lægri en í OECD ríkjunum í heild. Ef litið yfir allt tímabilið 1990–2004 þá reyndist árlegur meðalvöxtur nánast sá sami á Íslandi og í OECD ríkjunum eða 2,5 til 2,6%.

Mynd 8. Hagvöxtur á Íslandi og í OECD ríkjunum

Figure 8. GDP annual growth rate in Iceland and OECD



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2003 og áætlun fyrir árið 2004. Preliminary data 2003 and estimated data 2004.

Ítarlegra talanefni á netinu,
viðamikil endurskoðun í
september 2005

Auk þess talanefnis sem hér birtist í Hagtíðindum, má vísa til ítarlegs talanefnis á heimasíðu Hagstofunnar. Þar er að finna langar tímaraðir um flesta þætti þjóðhagsreikninga. Engar breytingar hafa verið gerðar á talanefni sem er eldra en frá 1997 en tölur frá og með því ári hefur tekið nokkrum breytingum, oftast þó smávægilegum. Þær tölur um árið 2004 sem nú birtast, verða næst endurskoðaðar síðla sumars og birtar í Hagtíðindum 13. september 2005. Jafnframt er að því stefnt að birta þá endurskoðaðar tímaraðir sem munu að hluta til ná aftur til ársins 1990. Endurskoðunin mun felast í breyttum aðferðum við útreikninga á raunbreytingum landsframleiðslunnar og undirlíða hennar. Til þessa hafa raunbreytingar verið metnar á verðlagi ársins 1990 en nú verða teknar upp árlegar keðjutengingar líkt og alþjóðastofnanir mæla með. Þá verða teknar upp nýjar aðferðir við mat á reiknaðri bankaþjónustu (FISIM) að fordæmi ríkja Evrópusambandsins. Einnig verða teknar í notkun nýjar útgáfur af flokkunum einkaneyslu (COICOP) og samneyslu (COFOG). Jafnframt mun talnaefnið taka einhverjum breytingum vegna breytinga á matsaðferðum og þegar á allt er litið er að vænta nokkurra breytinga bæði á fjárhæð og vexti landsframleiðslunnar og undirþátta hennar.

English summary

Statistics Iceland releases now the first provisional annual national accounts for 2004. The present figures show Gross Domestic Product (GDP) in 2004 amounting to 859 billion ISK. In real terms, GDP grew at a rate of 5.2% after 4.2% growth in the year before. The growth rate of Gross National Income (GNI) was a little lower or 4.6%.

The growth in GDP during the last year can mainly be explained by 7.5% growth in household final consumption and 12.8% growth in fixed capital formation. This was mainly offset by a considerable growth in imports which increased by 14.3% in real terms with the consequences that the balance on current account became negative by almost 70 billion ISK, 8.1% of GDP. In 2004 the main aggregates of GDP were characterised by similar developments as the year before.

The next revision of national accounts data will be released on September 13th 2005. According to the present time schedule this will be a major revision where time series will be revised back to 1990. Bank service charges (FISIM) will be allocated by sectors and industry and constant base year prices (now 1990 prices) will be replaced by annually linked chain indices. New versions of classifications of household final consumption expenditure (COICOP) and government final consumption expenditure (COFOG) will be implemented. All these changes may have some impact on both the level and volume changes of GDP.

Tafla 1. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 1999–2004Table 1. *Gross Domestic Product and Gross National Income 1999–2004*

Milljónir króna á verðlagi hvers árs <i>Million ISK at current prices</i>	1999	2000	2001	2002	2003 ¹	2004 ²
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	359.881	391.747	407.986	420.214	451.237	496.292
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	142.430	157.934	176.656	196.978	211.797	228.244
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	135.333	157.917	165.564	135.475	160.678	188.742
4. Birgðabreytingar <i>Changes in inventories</i>	120	2.494	-2.084	-182	-1.501	-3.383
5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i>	637.764	710.092	748.121	752.485	822.210	909.895
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	212.166	229.520	299.412	305.864	288.314	316.139
6.1 Vörur, fob. <i>Goods, fob</i>	144.928	149.272	196.582	204.303	182.580	202.373
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	67.238	80.248	102.830	101.561	105.734	113.766
7. Frádráttur: Innflutningur alls <i>Less: Imports of goods and services</i>	241.482	278.637	306.897	292.110	313.037	367.113
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	167.310	186.752	202.518	190.221	198.480	238.920
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	74.172	91.885	104.379	101.889	114.557	128.193
8. Verg Landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i>	608.448	660.975	740.636	766.239	797.487	858.921
9. Launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó <i>Primary incomes received from abroad</i>	-12.567	-19.409	-25.285	-6.245	-16.502	-17.717
10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income</i>	595.881	641.566	715.351	759.994	780.985	841.204
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga <i>Balance on current account</i>	-41.883	-68.526	-32.770	7.509	-41.225	-68.691
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob <i>Balance on goods</i>	-22.382	-37.480	-5.936	14.082	-15.900	-36.547
11.2 Þjónustujöfnuður fob/fob <i>Balance on services</i>	-6.934	-11.637	-1.549	-328	-8.823	-14.427
11.3 Launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó <i>Balance on primary income from abroad</i>	-12.567	-19.409	-25.285	-6.245	-16.502	-17.717

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*² Áætlun. *Estimated data.***Tafla 2. Raunbreyting landsframleiðslu og þjóðartekna 1999–2004**Table 2. *Volume changes in Gross Domestic Product and Gross National Income 1999–2004*

Raunbreyting frá fyrra ári, % ¹ <i>Volume changes on previous year, %¹</i>	1999	2000	2001	2002	2003 ²	2004 ³
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	8,1	4,4	-3,5	-1,4	6,6	7,5
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	4,9	4,4	3,1	3,2	3,5	3,6
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	-3,9	15,3	-6,4	-20,9	17,0	12,8
5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i>	4,5	7,2	-3,7	-4,5	7,8	7,7
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	4,0	4,0	7,4	3,9	1,4	8,3
6.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	7,1	-1,3	7,2	6,6	-1,2	9,2
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	-2,5	16,3	7,7	-1,4	6,8	6,5
7. Frádráttur: Innflutningur alls <i>Less: Imports of goods and services</i>	4,2	8,0	-9,1	-2,7	10,4	14,3
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	3,2	2,8	-10,0	-3,4	7,3	15,8
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	6,9	21,5	-7,2	-1,2	16,9	11,6
8. Verg Landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i>	4,4	5,7	2,6	-2,1	4,2	5,2
10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income</i>	4,3	3,7	2,2	0,8	1,2	4,6

¹ Raunbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990. *Volume changes are based on 1990 prices.*² Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*³ Áætlun. *Estimated data.*

Tafla 3. Einkaneysla 1970–2004

Table 3. Household final consumption expenditure 1970–2004

	1970	1980	1990	2002	2003 ¹	2004 ¹
Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices						
Matur, drykkjarvara og tóbak <i>Food, beverages and tobacco</i>	83,0	2.298	55.998	89.236	88.325	92.740
Fatnaður <i>Clothing and footwear</i>	28,1	850	17.779	22.692	23.164	24.443
Húsnæði, ljós og hiti <i>Gross rent, fuel and power</i>	46,4	1.889	38.597	75.343	82.664	89.576
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki <i>Furniture, furnishings and household equipment and operation</i>	28,7	1.176	16.783	28.376	30.471	33.434
Lyf og læknishjálp <i>Medical care and health expenses</i>	7,3	118	3.877	13.108	14.003	15.079
Flutningatæki og samgöngur <i>Transport and communication</i>	37,6	1.390	25.450	58.369	68.736	81.735
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál <i>Recreation, entertainment, education and culture</i>	17,0	687	21.789	53.903	56.128	59.359
Ýmsar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	19,7	747	22.862	51.663	54.227	58.365
Einkaneysla innanlands alls						
Households Final Consumption Exp. in the Domestic Market	267,8	9.156	203.135	392.689	417.717	454.732
Útgjöld Íslendinga erlendis <i>Direct purchases abroad by resident households</i>	7,4	293	16.635	33.257	39.818	48.501
Útgjöld útlendinga á Íslandi <i>Direct purchases in the domestic market by non-resident households</i>	-5,9	-123	-8.806	-22.844	-24.531	-26.079
Einkaneysla heimila alls						
Household Final Consumption Exp. of Resident Households	269,3	9.326	210.964	403.101	433.004	477.154
Starfsemi samtaka <i>Non-profit institutions serving households</i>	7.127	17.113	18.232	19.138
Einkaneysla alls Final Consumption Expenditure	269,3	9.326	218.091	420.214	451.237	496.292
Hlutfallsleg skipting, % Percentage breakdown						
Matur, drykkjarvara og tóbak <i>Food, beverages and tobacco</i>	30,8	24,6	26,5	22,1	20,4	19,4
Fatnaður <i>Clothing and footwear</i>	10,4	9,1	8,4	5,6	5,3	5,1
Húsnæði, ljós og hiti <i>Gross rent, fuel and power</i>	17,2	20,3	18,3	18,7	19,1	18,8
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki <i>Furniture, furnishings and household equipment and operation</i>	10,7	12,6	8,0	7,0	7,0	7,0
Lyf og læknishjálp <i>Medical care and health expenses</i>	2,7	1,3	1,8	3,3	3,2	3,2
Flutningatæki og samgöngur <i>Transport and communication</i>	14,0	14,9	12,1	14,5	15,9	17,1
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál <i>Recreation, entertainment, education and culture</i>	6,3	7,4	10,3	13,4	13,0	12,4
Ýmsar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	7,3	8,0	10,8	12,8	12,5	12,2
Einkaneysla innanlands alls						
Households Final Consumption Exp. in the Domestic Market	99,4	98,2	96,3	97,4	96,5	95,3
Útgjöld Íslendinga erlendis <i>Direct purchases abroad by resident households</i>	2,8	3,1	7,9	8,3	9,2	10,2
Útgjöld útlendinga á Íslandi <i>Direct purchases in the domestic market by non-resident households</i>	-2,2	-1,3	-4,2	-5,7	-5,7	-5,5
Einkaneysla heimila alls						
Household Final Consumption Exp. of Resident Households	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Starfsemi samtaka ² <i>Non-profit institutions serving households²</i>	3,4	4,2	4,2	4,0
Einkaneysla alls Final Consumption Expenditure	100,0	100,0	103,4	104,2	104,2	104,0

¹ Áætlun. Estimated data.² Fram til ársins 1990 liggja ekki fyrir aðgreindar áætlanir um einkaneyslu samtaka. Prior to 1990 separate estimates on consumption of NPISHs are not available.

Tafla 4. Fjármunamyndun 2002–2004

Table 4. Gross fixed capital formation 2002–2004

	Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices			Magnbreyting frá fyrra ári, % ¹ Volume changes on previous year, per cent ¹		
	2002 ²	2003 ³	2004 ³	2002 ²	2003 ³	2004 ³
Fjármunamyndun alls <i>Gross fixed capital formation, total</i>	135.475	160.678	188.742	-20,9	17,0	12,8
Atvinnuvegir alls <i>Business sector investment</i>	74.049	91.134	106.790	-28,0	23,6	12,9
Landbúnaður og skógrækt <i>Agriculture and forestry</i>	2.737	4.467	3.627	-14,2	58,3	-19,4
Sjávarútvegur <i>Fishing and fish processing</i>	3.993	3.327	2.281	-62,3	-19,3	-44,6
Önnur matvælavinnsla <i>Other manufacture of food products and beverages</i>	5.946	4.639	5.152	68,1	-17,3	8,5
Framleiðsla málma <i>Manufacture of basic metals</i>	1.231	1.083	3.433	-72,1	-7,9	214,3
Málmsmiði og viðgerðir <i>Manufacture of metal products</i>	424	410	455	-448,0	-3,1	7,8
Annar iðnaður <i>Other manufacturing</i>	5.134	5.865	6.448	-6,0	17,4	8,2
Rafvirkjanir, raf-, hita- og vatnsveitur <i>Production and distribution of electricity and water</i>	16.151	27.952	31.016	-4,9	75,1	7,8
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	4.641	5.661	6.855	1,0	21,7	17,6
Verslun <i>Wholesale and retail trade</i>	-2.062	2.027	2.295	-131,4	...	12,5
Hótel- og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	809	969	1.080	-50,3	24,6	10,4
Samgöngur <i>Transport</i>	14.067	8.671	12.529	52,8	-37,5	35,7
Fjarskiptaþjónusta <i>Telecommunications</i>	2.532	3.132	3.707	-57,7	29,5	17,0
Fjármálaþjón., váttryggingar og önnur fjármálastarfsemi <i>Financial intermediation and insurance</i>	2.059	2.589	4.940	16,9	64,1	39,7
Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og tölvuþjónusta <i>Real estate activities and computer services</i>	9.059	9.796	11.695	-34,4	5,7	15,0
Rannsóknir og þróunarstarf <i>Research and development</i>	695	858	639	-65,1	-7,3	-27,3
Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta <i>Other business activities</i>	2.440	2.758	3.052	-70,5	14,3	8,1
Annað <i>Other n.e.c.</i>	4.193	6.929	7.585	-39,7	65,2	9,5
Íbúðarhús, alls <i>Residential construction</i>	35.683	42.774	46.427	5,0	13,4	3,0
Starfsemi hins opinbera <i>Public works and buildings</i>	25.744	26.769	35.525	-23,8	1,8	27,3
Vegir og brýr <i>Roads and bridges</i>	5.359	8.509	10.803	-20,1	53,7	21,7
Götur og holræsi <i>Streets and sewers</i>	6.627	5.794	6.239	-14,1	-15,3	3,2
Byggingar hins opinbera <i>Public buildings</i>	10.765	9.325	14.960	-34,2	-16,1	53,8
Önnur fjárfesting hins opinbera <i>Other public investment</i>	2.992	3.141	3.524	-3,0	9,9	11,1
Atvinnuvegir alls, tegundaskipting <i>Business sector investment, type of assets</i>	74.049	91.134	106.790	-28,0	23,6	12,9
Fólksbifreiðar <i>Motor vehicles for industrial use</i>	1.434	1.447	1.612	-25,1	5,7	10,3
Skip og skipsbúnaður, flugvélar ofl. <i>Ships, aircrafts and pertaining equipments</i>	12.881	3.714	4.261	26,5	-69,8	13,6
Verksmiðju-, iðnaðarvélar og tæki <i>Manufacturing machinery and equipments</i>	4.789	5.649	6.390	-44,3	23,5	12,0
Skrifst.áhöld og tæki <i>Office machinery and computers</i>	12.483	16.523	17.115	-40,6	34,6	1,3
Vélar og tæki til jarðvegsvinnu og mannvirkjagerðar <i>Mach. tools for quarrying and construction</i>	8.172	9.341	12.637	-42,3	19,7	34,0
Mannvirki <i>Construction</i>	31.354	51.890	62.343	-25,3	65,8	13,8
þ.a. byggingar <i>thereof buildings</i>	17.017	24.701	28.737
Annað <i>Other n.e.c.</i>	2.936	2.571	2.432	-41,7	-18,0	-10,5

¹ Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1997. *Volume changes are based on 1997 prices.*² Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*³ Áætlun. *Estimated data.*

Tafla 5. Skipting landsframleiðslunnar á framleiðsluþætti 1999–2004Table 5. *Cost components of Gross Domestic Product 1999–2004*

Verðlag hvers árs, millj. kr. <i>Million ISK at current prices</i>	1999	2000	2001	2002 ¹	2003 ²	2004 ²
1. Verg landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i>	608.448	660.975	740.636	766.239	797.487	858.921
2. Vörutengdir skattar <i>Taxes on products</i>	105.389	108.548	106.491	110.347	118.443	127.133
3. Vörutengdir styrkir <i>Subsidies on products</i>	8.653	9.644	9.929	10.408	10.096	9.794
4. Vinnsluvirði á grunnverði (4.=1.-2.+3.)						
<i>Value added, basic prices (4.=1.-2.+3.)</i>	511.712	562.071	644.074	666.300	689.140	741.581
5. Aðrir skattar á framleiðslu <i>Other taxes on production</i>	15.118	18.316	18.552	20.338	21.830	23.431
6. Aðrir styrkir á framleiðslu <i>Other subsidies on production</i>	2.357	2.817	2.036	2.005	1.945	1.887
7. Vergar þáttatekjur (7.=4.-5.+6.-10.)						
<i>Gross factor income (7.=4.-5.+6.-10.)</i>	498.951	546.572	627.559	647.968	676.445	745.614
8. Laun og tengd gjöld <i>Compensation of employees</i>	346.021	381.999	425.972	455.624	478.405	509.023
9. Vergur rekstrarafgangur (9.=7.-8.)						
<i>Operating surplus, gross (9.=7.-8.)</i>	152.930	164.572	201.586	192.344	198.040	236.591
9.1 Bókfærðar afskriftir						
<i>Consumption of fixed capital (business acc.)</i>	95.671	107.451	116.713
9.2 Hreinn rekstrarafgangur <i>Operating surplus, net</i>	57.258	57.122	84.873
10. Mismunur uppgjörsaðferða ³ <i>Statistical discrepancy³</i>	0	0	0	0	-7.190	-25.578

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*² Áætlun. *Estimated data.*³ Mismunur ráðstöfunaruppgjörs og framleiðsluuppgjörs. *The difference between output and expenditure approach of the gross domestic product.***Tafla 6. Magnvísitölur atvinnuvega og landsframleiðslunnar í heild 1999–2004**Table 6. *Gross Domestic Product by industries 1999–2004, volume indices*

Magnvísitölur, 1990=100 <i>Volume indices, 1990=100</i>	1999	2000	2001	2002 ¹	2003 ²	2004 ²
Landbúnaður <i>Agriculture</i>	112,2	113,3	117,4	122,8	127,3	127,1
Fiskveiðar og fiskvinnsla <i>Fishing and fish processing</i>	91,5	90,0	90,5	97,0	98,1	100,2
Ál og kísiljárn <i>Aluminium and ferro-silicon processing</i>	186,7	199,4	213,0	242,6	239,3	239,2
Annar iðnaður <i>Manufacturing, other</i>	122,9	130,3	134,8	125,5	131,9	139,5
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur <i>Electricity and water supply</i>	127,1	145,3	146,6	146,8	148,4	151,5
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	127,5	131,9	137,2	122,5	137,2	156,4
Verslun, veitinga- og hótélrekstur						
<i>Wholesale and retail trade, restaur. and hotels</i>	136,0	146,8	144,8	142,0	153,5	163,6
Samgöngur og flutningar						
<i>Transport, storage and communication</i>	164,8	185,1	191,2	189,5	192,5	214,2
Önnur þjónusta <i>Other private services</i>	139,3	151,6	160,8	162,2	164,8	174,3
Starfsemi hins opinbera <i>Producers of government services</i>	131,2	132,2	139,4	143,1	147,8	153,0
Allar atvinnugreinar <i>Total industries</i>	128,8	135,9	140,7	140,8	146,1	154,6
Frádráttur: Reiknuð bankaþjónusta						
<i>Less: Imputed bank service charges</i>	126,2	133,6	136,1	137,2	137,2	139,9
Samtals <i>Total</i>	129,0	136,0	141,0	141,0	146,7	155,7
Breyting frá fyrra ári, %						
<i>Percentage change from previous year, %</i>	5,9	5,5	3,6	0,0	4,0	6,1
Til samanburðar: Breyting skv. útgjaldauppgjöri, %						
<i>Memorandum: Change according to expenditure approach, %</i>	4,4	5,7	2,6	-2,1	4,2	5,2

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*² Áætlun. *Estimated data.*

Tafla 7. Hlutfallsleg skipting landsframleiðslu eftir atvinnuvegum 1999–2004Table 7. *Gross Domestic Product by industries 1999–2004, percentage breakdown*

Hlutfallsleg skipting, % <i>Percentage breakdown</i>	1999	2000	2001	2002 ¹	2003 ²	2004 ²
Landbúnaður <i>Agriculture</i>	1,9	1,9	1,5	1,6	1,6	1,5
Fiskveiðar og fiskvinnsla <i>Fishing and fish processing</i>	10,8	9,7	12,1	10,6	8,8	8,1
Ál og ksiljárn <i>Aluminium and ferro-silicon processing</i>	1,1	1,5	1,3	1,4	1,3	1,3
Annar iðnaður <i>Manufacturing, other</i>	9,4	9,2	8,5	8,2	7,9	8,0
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur <i>Electricity and water supply</i>	3,5	3,3	3,8	3,8	3,6	3,5
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	8,3	8,4	8,2	7,6	8,5	9,1
Verslun, veitinga- og hótélrekstur <i>Wholesale and retail trade, restaur. & hotels</i>	14,3	14,1	12,5	12,5	12,9	13,2
Samgöngur og flutningar <i>Transport, storage and communication</i>	7,7	7,9	7,7	8,2	7,9	8,2
Önnur þjónusta <i>Other private services</i>	22,5	23,8	24,2	25,1	25,8	26,1
Starfsemi hins opinbera <i>Producers of government services</i>	20,4	20,1	20,2	21,0	21,6	21,2
Allar atvinnugreinar <i>Total industries</i>	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Reiknuð bankaþjónusta <i>Imputed bank service charges</i>	-5,4	-6,2	-6,6	-6,7	-6,8	-6,6
Samtals <i>Total</i>	94,6	93,8	93,4	93,3	93,2	93,4
Mismunur uppgjörsaðferða ³ <i>Statistical discrepancy³</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	-1,0	-3,2
Landsframleiðsla á tekjuvirði <i>GDP at factor cost</i>	94,6	93,8	93,4	93,3	92,2	90,2
Skattar á framleiðslu og innflutning <i>Taxes on production and imports</i>	22,8	21,8	18,6	18,8	19,3	18,9
Styrkir <i>Subsidies</i>	2,1	2,1	1,8	1,8	1,7	1,5
Landsframleiðsla á markaðsvirði <i>GDP at market prices</i>	115,3	113,5	110,2	110,3	109,8	107,5
Landsframleiðsla á markaðsvirði, milljónir króna <i>GDP at market prices, million ISK</i>	608.448	660.975	740.636	766.239	797.487	858.921

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*² Áætlun. *Estimated data.*³ Mismunur ráðstöfunaruppgjörs og framleiðsluuppgjörs. *The difference between output and expenditure approach of the gross domestic product.*

Tafla 8. Tekju-, gjalda- og fjárstreymisreikningar hins opinbera árin 1999–2004Table 8. *General government receipts, outlays and financial accounts 1999–2004*

	1999	2000	2001	2002	2003 ¹	2004 ¹
Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices						
Rekstrartekjur Current revenue	278.613	301.125	328.464	351.182	372.371	411.413
Eignatekjur <i>Property income</i>	13.936	15.080	20.310	27.315	25.473	26.432
Skatttekjur <i>Tax revenue</i>	240.086	259.780	279.014	294.347	317.476	352.682
Skattar á framleiðslu og innfl. <i>Taxes on prod. and imports</i>	124.482	130.968	129.691	136.879	148.765	165.490
Skattar á tekjur og eignir <i>Current taxes on income, wealth etc.</i>	115.604	128.812	149.323	157.468	168.712	187.192
Aðrar tekjur <i>Other nontax revenue</i>	763	881	1.143	739	896	1.690
Sala á vöru og þjónustu <i>Sales of goods and services</i>	23.828	25.385	27.998	28.781	28.525	30.609
Rekstrarútgjöld Current expenditure	241.654	263.901	299.841	328.205	359.454	378.870
Rekstrarkostnaður <i>Operating expenditure</i>	166.258	183.319	204.654	225.759	240.322	258.853
Laun og tengd gjöld <i>Wages</i>	88.418	96.056	109.145	120.583	130.900	142.145
Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	12.586	13.487	14.520	16.044	16.395	17.588
Kaup á vöru og þjónustu <i>Purchases of goods & services</i>	65.254	73.777	80.989	89.132	93.027	99.119
Vaxtagjöld <i>Interest payments</i>	22.731	22.604	28.568	26.039	28.978	28.190
Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	9.991	10.816	12.844	12.691	12.501	12.400
Tekjutilfærslur <i>Current transfers</i>	42.673	47.161	53.775	63.716	77.652	79.428
Samneysla Government final consumption	142.430	157.934	176.656	196.978	211.797	228.244
Hreinn sparnaður Current Balance	36.959	37.224	28.623	22.978	12.917	32.542
Fastafjárútgjöld Capital balance	22.342	20.670	27.351	21.504	21.223	28.728
Verg fjármunamyndun <i>Gross capital formation</i>	26.099	25.806	32.018	28.593	27.226	34.597
Afskriftir (–) <i>Consumption of fixed capital (–)</i>	12.586	13.487	14.520	16.044	16.395	17.588
Fjármagnstilfærslur, hreinar <i>Capital transfers, net</i>	8.830	8.351	9.853	8.955	10.392	11.720
Tekjuafgangur / -halli Net lending / net borrowing (–)	14.617	16.554	1.272	1.474	-8.306	3.814
Kröfu- og hlutafjárútgjöld Net increase in claims	135	9.034	48.080
Veitt lán, nettó <i>Lending minus repayments</i>	2.594	-3.367	15.476
Veitt lán <i>Total lending</i>	12.764	6.935	24.560
Afborganir <i>Total repayments</i>	10.169	10.303	9.084
Eiginfjárframlög <i>Change in equity holdings</i>	-16.725	3.912	1.916
Skammtíma kröfur og viðskiptakröfur <i>Other claims</i>	14.266	8.489	30.688
Hrein lánsfjárförf Net borrowing requirement	-14.685	-7.801	47.011
Tekin lán, nettó <i>Net borrowing</i>	-12.397	-6.622	47.257
Tekin lán <i>Total borrowing</i>	29.777	42.133	82.595
Afborganir <i>Total repayments</i>	42.174	48.755	35.337
Breyting á handbæru fé <i>Changes in cash and bank deposits</i>	-2.288	-1.179	-246
Hlutfall af landsframleiðslu, % Percent of GDP						
Rekstrartekjur <i>Current revenue</i>	45,8	45,6	44,3	45,8	46,7	47,9
Skatttekjur <i>Tax revenue</i>	39,5	39,3	37,7	38,4	39,8	41,1
Rekstrarútgjöld <i>Current expenditure</i>	39,7	39,9	40,5	42,8	45,1	44,1
Samneysla <i>Government final consumption</i>	23,4	23,9	23,9	25,7	26,6	26,6
Tekjuafgangur / -halli <i>Net lending / net borrowing (–)</i>	2,4	2,5	0,2	0,2	-1,0	0,4

¹ Áætlun. Estimated data.

Tafla 9. Tekju-, gjalda- og fjárstreymisreikningar ríkissjóðs árin 1999–2004
Table 9. General Central government receipts, outlays and financial accounts 1999–2004

	1999	2000	2001	2002	2003 ¹	2004 ¹
Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices						
Rekstrartekjur Current revenue	213.800	228.660	245.441	257.264	274.411	306.054
Eignatekjur Property income	10.517	11.346	14.572	16.053	12.478	15.315
Skatttekjur Tax revenue	187.631	200.335	211.400	220.162	239.222	267.341
Skattar á framleiðslu og innfl. Taxes on prod. and imports	113.480	117.503	116.225	120.921	131.621	147.370
Skattar á tekjur og eignir Current taxes on income, wealth etc.	74.151	82.832	95.175	99.241	107.602	119.971
Aðrar tekjur Other nontax revenue	763	881	1.143	738	896	861
Sala á vöru og þjónustu Sales of goods and services	14.889	16.098	18.325	20.311	21.814	22.537
Rekstrarútgjöld Current expenditure	186.267	201.580	227.474	249.283	274.572	282.680
Rekstrarkostnaður Operating expenditure	97.277	106.867	120.036	134.008	141.468	148.720
Laun og tengd gjöld Wages	52.952	55.818	63.620	72.432	78.848	83.761
Afskriftir Consumption of fixed capital	9.152	9.779	10.385	11.143	11.741	12.394
Kaup á vöru og þjónustu Purchases of goods & services	35.174	41.270	46.031	50.433	50.879	52.564
Vaxtagjöld Interest payments	20.155	19.508	23.128	21.891	23.146	22.170
Framleiðslustyrkir Subsidies	8.634	8.971	10.779	11.489	11.149	10.940
Tekjutilfærslur Current transfers	60.201	66.234	73.531	81.895	98.807	100.850
Samneysla Government final consumption	82.388	90.769	101.711	113.697	119.654	126.183
Hreinn sparnaður Current Balance	27.532	27.080	17.966	7.981	-161	23.374
Fastafjárútgjöld Capital balance	11.937	10.132	13.410	11.384	13.666	15.581
Verg fjármunamyndun Gross capital formation	12.421	11.861	14.142	13.671	14.607	15.955
Afskriftir (–) Consumption of fixed capital (–)	9.152	9.779	10.385	11.143	11.741	12.394
Fjármagnstilfærslur, hreinar Capital transfers, net	8.668	8.050	9.653	8.856	10.800	12.020
Tekjuafgangur / -halli Net lending / net borrowing (–)	15.595	16.948	4.557	-3.403	-13.826	7.794
Kröfu- og hlutafjárútgjöld Net increase in claims	-3.525	7.473	44.811	11.241	-17.230	...
Veitt lán, nettó Lending minus repayments	2.474	-3.266	12.630	-11.304	19.074	...
Veitt lán Total lending	11.348	5.959	20.891	4.682	6.591	...
Afborganir Total repayments	8.874	9.225	8.261	15.986	-12.483	...
Eiginfjárframlög Change in equity holdings	-16.725	3.912	1.916	-15.531	-14.709	...
Skammtíma kröfur og viðskiptakröfur Other claims	10.727	6.826	30.265	38.076	-21.595	...
Hrein lánsfjárförf Net borrowing requirement	-19.120	-9.476	40.254	14.644	-3.403	...
Tekin lán, nettó Net borrowing	-16.638	-8.182	41.640	13.466	-2.898	...
Tekin lán Total borrowing	21.961	35.949	72.241	61.727	45.451	...
Afborganir Total repayments	38.599	44.131	30.601	48.261	48.349	...
Breyting á handbæru fé Changes in cash and bank deposits	-2.482	-1.294	-1.386	1.178	-505	...
Hlutfall af landsframleiðslu, % Percent of GDP						
Rekstrartekjur Current revenue	35,1	34,6	33,1	33,6	34,4	35,6
Skatttekjur Tax revenue	30,8	30,3	28,5	28,7	30,0	31,1
Rekstrarútgjöld Current expenditure	30,6	30,5	30,7	32,5	34,4	32,9
Samneysla Government final consumption	13,5	13,7	13,7	14,8	15,0	14,7
Tekjuafgangur / -halli Net lending / net borrowing (–)	2,6	2,6	0,6	-0,4	-1,7	0,9

¹ Áætlun. Estimated data.

Tafla 10. Tekju-, gjalda- og fjárstreymisreikningar sveitarfélaga árin 1999–2004

Table 10. Local government receipts, outlays and financial accounts 1999–2004

	1999	2000	2001	2002	2003 ¹	2004 ²
Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices						
Rekstrartekjur Current revenue	69.917	77.747	89.474	100.432	107.228	113.461
Eignatekjur Property income	3.326	3.519	5.178	10.726	12.450	10.541
Skatttekjur Tax revenue	52.455	59.445	67.614	74.185	78.254	85.341
Skattar á framleiðslu og innfl. Taxes on prod. and imports	11.002	13.465	13.466	15.958	17.144	18.120
Skattar á tekjur og eignir Current taxes on income, wealth etc.	41.453	45.979	54.148	58.227	61.110	67.221
Aðrar tekjur Other nontax revenue	5.257	5.549	7.079	7.163	9.937	9.659
Sala á vöru og þjónustu Sales of goods and services	8.879	9.234	9.603	8.358	6.587	7.920
Rekstrarútgjöld Current expenditure	62.430	69.799	80.873	86.957	95.200	105.143
Rekstrarkostnaður Operating expenditure	54.937	60.689	68.351	73.499	78.856	88.423
Laun og tengd gjöld Wages	32.130	36.366	41.849	43.708	47.007	52.798
Afskriftir Consumption of fixed capital	3.435	3.708	4.134	4.901	4.654	5.194
Kaup á vöru og þjónustu Purchases of goods & services	19.372	20.616	22.367	24.890	27.195	30.431
Vaxtagjöld Interest payments	2.576	3.096	5.439	4.148	5.832	6.020
Framleiðslustyrkir Subsidies	1.357	1.845	2.065	1.202	1.352	1.460
Tekjutilfærslur Current transfers	3.559	4.169	5.018	8.108	9.160	9.240
Samneysla Government final consumption	46.059	51.455	58.748	65.141	72.269	80.503
Hreinn sparnaður Current Balance	7.487	7.948	8.601	13.475	12.028	8.318
Fastafjárútgjöld Capital balance	10.405	10.539	13.942	10.120	7.557	13.148
Verg fjármunamyndun Gross capital formation	13.678	13.945	17.876	14.922	12.619	18.642
Afskriftir (–) Consumption of fixed capital (–)	3.435	3.708	4.134	4.901	4.654	5.194
Fjármagnstílfærslur, hreinar Capital transfers, net	162	301	200	99	-408	-300
Tekjuafgangur / -halli Financial Balance	-2.918	-2.591	-5.341	3.355	4.471	-4.830
Kröfu- og hlutafjárútgjöld Net increase in claims	1.227	-1.492	1.201
Veitt lán, nettó Lending minus repayments	-41	-263	2.691
Veitt lán Total lending	1.324	956	3.655
Afborganir Total repayments	1.364	1.219	963
Eiginfjárframlög Change in equity holdings	–	–	–
Skammtíma kröfur og viðskiptakröfur Other claims	1.267	-1.229	-1.490
Hrein lánsfjárförf Net borrowing requirement	4.145	1.099	6.542
Tekin lán, nettó Net borrowing	3.882	1.202	5.260
Tekin lán Total borrowing	7.747	6.146	10.316
Afborganir Total repayments	3.865	4.944	5.056
Breyting á handbæru fé Changes in cash and bank deposits	263	-103	1.282
Hlutfall af landsframleiðslu, % Percent of GDP						
Rekstrartekjur Current revenue	11,5	11,8	12,1	13,1	13,4	13,2
Skatttekjur Tax revenue	8,6	9,0	9,1	9,7	9,8	9,9
Rekstrarútgjöld Current expenditure	10,3	10,6	10,9	11,3	11,9	12,2
Samneysla Government final consumption	7,6	7,8	7,9	8,5	9,1	9,4
Tekjuafgangur / -halli Financial Balance	-0,5	-0,4	-0,7	0,4	0,6	-0,6

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary data.² Áætlun. Estimated data.

Hagtiðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

90. árgangur nr. 10

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4657 (pappír paper)

2005:1

ISSN 1670-4665 (pdf)

Verð ISK 500 Price EUR 6

Umsjón Supervision Gamaliel Sveinsson • gamaliel.sveinsson@hagstofa.is

Sími Telephone +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands Statistics Iceland • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími Fax +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. Please quote the source.

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series